

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1994*  
*komudagur 23.3.2013*

**Sendandi:**

Þórir Harðarson  
Sagmastaregatan 1c  
416 80 Gautaborg, Svíþjóð

**Varðar: 641. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013.**

Til þess er málið varðar:

Að mínu mati brýtur þetta lagafrumvarp gegn stjórnarskrá Íslands. Vil ég færa mjög einföld rök fyrir því mati mínu hér fyrir neðan.

Samkvæmt 79. Gr. Stjórnarskrár Íslands þurfa allar breytingar á stjórnarskránni að gera með samþykki tveggja Alþingja með þingrofi og almennum kosningum á milli enda hljóðar fyrsta málsgrein 79. gr. svo:

**79. grein:** Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Skv. frumvarpinu (sjá ofan) er gert ráð fyrir “bráðarbirgðarákvæði” sem byrjar svohljóðandi: “Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 79. gr. er heimilt, fram til 30. apríl 2017, að breyta stjórnarskránni með eftirfarandi hætti...”.

Að mínu mati er með þessu ákvæði verið að ganga á berhögg við stjórnarskrá Íslands og er Alþingi Íslands, að mínu mati, óheimilt að taka úr gildi það ákvæði í stjórnarskránni sem einmitt á að tryggja stöðugleika hennar. Ef svo má halda á málum þá er 79 grein stjórnarskrárinnar ekki mikils virði heldur er þeim meirihluta sem ríkir á Alþingi hverju sinni í lófa lagið að gera slíkt hið sama hverju sinni sem þeim hentar. Skiptir þá engu máli hvernig “varagreinar” eru orðaðar (aukinn meirihluti og þjóðaratkvæðagreiðsla). **Það er hreinlega bannað að breyta stjórnarskránni með þessum hætti sem lagt er til með frumvarpinu.**

Þetta samræmist illa mínum hugmyndum um lýðræði og þrátt fyrir að ásetningur flutningsmanna frumvarpsins sé í þessu tilfelli góður er ekki tryggt að svo verði, næst þegar slíkt “bráðabirgðarákvæði” er sett inn.

23 mars 2013

*Þórir Harðarson*

Gautaborg, Svíþjóð